

**Sp.**

### **330. Tillaga til þingsályktunar**

[200. mál]

um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Salome Porkelsdóttir, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Skal nefndin m. a. fjalla um eftirtalin atriði:

1. Hvernig opinberir aðilar í samvinnu við einstaklinga, félög og fyrirtæki geti best örvað listiðnað og listhönnun á íslenskum iðnaðarvörum.

2. Hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni.

3. Hvernig unnt sé að fjölga sýningartækifærum fyrir íslenskan listiðnað erlendis.

4. Hvernig haga beri samstarfi við aðila sem vinna að sömu markmiðum hjá nágretta-þjóðum okkar, einkum á Norðurlöndum.

Nefndin skal enn fremur taka til athugunar önnur þau atriði, sem stuðlað geta að markmiði því sem tillaga þessi fjallar um, og gera tillögur um þau.

#### **Greinargerð.**

Í flestum menningarlöndum hefur um langt árabil verið unnið að markvissum viðgangi listiðnaðar og hönnunar iðnaðarframleiðslu. Hér hefur verið um hvetjandi og samræmandi starfsemi að ræða, jafnframt því að mikil áhersla hefur verið lögð á hvers konar kynningu á vel hönnuðum vörum. Listiðnaður hefur verið talinn eðlilegur tengiliður milli hinnar frjálsu myndlistar og iðnhönnunar sem er aðhæfð notagildi, þ. e. þörfum neytandans og tækni framleiðsluiðnaðarins. Það er löngu viðurkennt að án góðrar og kunnáttusamlegrar hönnunar eiga iðnaðarvörur erfitt uppdráttar á markaðnum, og ekki verður deilt um það menningarlega gildi sem góður listiðnaður hefur fyrir hverja þjóð.

Ef litið er til þeirra landa, sem næst okkur standa að menningu, má benda á að allt frá miðri 19. öld hefur verið unnið markvissst að þróun listiðnaðar og iðnhönnunar og skipulagt starf til hvatningar og kynningar farið fram. Má í þessu sambandi benda á Svíþjóð en þar var fyrsta félagið í þessu skyni á Norðurlöndum stofnað árið 1845 (Svenska Slöjdföreningen, nú Svensk Form). Í Finnlandi var stofnað til sambærilegs félags 1875, en í Danmörku og Noregi fljótlega eftir aldamótin.

Þó að þessi félög hafi fyrst orðið til fyrir tilstuðlan einstaklinga og rekin fyrir framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum hafa þau, er fram liðu stundir, þróast þannig að opinber fjárframlög eru nú lögð starfsemi þeirra til grundvallar og starfsemin í beinum tengslum við opinbera aðila.

Sú vakning í listiðnaði, sem varð á Norðurlöndum fyrir og um aldamótin 1900, barst ekki til Íslands fyrr en löngu síðar eða rétt fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, en engin veruleg framþróun í listiðnaði og iðnhönnun varð hér fyrr en eftir 1950.

Listiðnaður og iðnhönnun tengjast mörgum þáttum stjórnsýslu, t. d. á sviði menningarmála, iðnaðar og viðskipta. Kann það að vera ein meginástæðan fyrir því, hve erfitt hefur verið að marka farveg og samræma markmið í þessu sambandi.

Góð hönnun felur í sér viðhald og vakningu menningarverðmæta. Hún varðar allt hið manngerða umhverfi og nytjahluti.

Góð hönnun er viðurkennd sem einn af meginþáttum í iðnaðarframleiðslu hvað varðar söluhæfni og líftíma markaðsvöru.

Góð hönnun, hvort sem er listiðnaður eða iðnhönnun, hefur hlutverki að gegna til kynningar á menningu og tæknikunnáttu þjóða og hefur þannig gegnt umtalsverðu hlutverki í sambandi við opnun markaða og viðskiptasambanda þjóða í milli.

Hér á landi hefur skort verulega á að um skipulega og markvissa stefnumótun hafi verið að ræða á þessu sviði.

Einstök „átök“ hafa þó verið gerð í þessu sambandi, en öll tímabundin og án stærra samhengis. Litlu fé hefur verið varið til þessara mála af hinu opinbera og hending ráðið hvert því hefur verið veitt, eins og eðlilegt verður að teljast við ríkjandi kringumstæður.

Nokkur félög eru starfandi á þessu sviði. Má þar nefna Félag ísl. teiknara, Félag húsgagna- og innanhúsarkitekta, Textilfélagið og Leirlistafélagið.

Árið 1972 var félagið Listiðn stofnað og var því ætlað að vera nokkurs konar samnefnari hinna mörgu greina hönnuða, en af einhverjum ástæðum hefur því ekki tekist að halda uppi stöðugri starfsemi.

Þannig má segja að hver vinni í sínu horni án samvinnu eða nokkurra heildarmarkmiða er nýtist til fulls, t. d. í sambandi við þróun hönnunar fyrir iðnaðinn eða til áhrifa á gæðamat neytenda, en í skjóli þessa hefur t. d. innflutningur á miðlungs iðnaðarvörum, sem hægt væri að framleiða betri innanlands, náð undirtökum á allt of mörgum sviðum.

Nokkrar sýningar á íslenskri listiðn hafa verið haldnar erlendis, ekki sist á s. l. ári, og hafa þær vakið athygli. Fylgja þarf þeim eftir með viðskipti fyrir augum.

Vitað er að Norðurlandþjóðirnar, Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar, hafa um langt árabil haft með sér samvinnu í sambandi við kynningu á listiðnaði og iðnhönnun víða um heim.

Kynningar af þessu tagi flokkast undir menningarlegar kynningar, en er engu að síður ætlað að opna augu manna á viðkomandi markaðssvæðum fyrir háþróaðri framleiðslu þjóðanna á sviði nytjalistar. Vitað er að hluti þessarar starfsemi er kostaður eða styrktur verulega af framlögum úr Norræna menningarsjóðnum. Vegna ástæðna hér hefur Ísland ekki átt aðild að samstarfi þessu, en vitað er að slíkir möguleikar eru fyrir hendi svo fremi að hér sé til einhver sá aðili er geti fylgt slíku samstarfi eftir.

Í sambandi við menningarkynningu Norðurlandanna í Bandaríkjunum á þessu ári, Scandinavia Today 82, hefur Ísland í fyrsta sinn átt aðild að undirbúningi slíkrar sameiginlegrar sýningar á sviði listiðnaðar. Í því sambandi hefur berlega komið í ljós hve illa við erum í stakk búin hvað varðar geymd heimilda eða stefnumarkandi verka á sviði listiðnaðar. Jafnframt hefur komið fram mikill velvilji frá hinum Norðurlöndunum í þessu sambandi hvað varðar frekara samstarf.

Það er löngu tímabært að hér verði komið á fót hvetjandi starfsemi á þessu sviði, er tryggi markvissari viðleitni í þá átt að kynna íslenskan listiðnað og iðnhönnun bæði innanlands og utan, stuðla að varðveislu vel hannaðra hluta, fylgjast með því, sem gert er erlendis á þessu sviði, og miðla því. Í þessu tilliti vísast til greinargerðar um eflingu iðnhönnunar á Íslandi eftir Gest Ólafsson, Stefán Snæbjörnsson og Þóri Einarsson frá árinu 1970, en sú greinargerð er enn í fullu gildi. Birtist hún hér með sem fylgiskjal. Reynslan hefur þó leitt í ljós að eðlilegt er að fella listiðnað inn í þessa mynd og umsvif eru ekki slík að ástæða sé til að greina í sundur þessa tvo náskyldu og reyndar samtvinnuðu þætti.

## Fylgiskjal.

### EFLING IÐNHÖNNUNAR Á ÍSLANDI

#### **Greinargerð samin að tilhlutan Iðnþróunarráðs. Eftir Gest Ólafsson, Stefán Snæbjörnsson og Þóri Einarsson.**

##### **I. Niðurstöður í stuttu máli.**

Skipulögð iðnhönnunarstarfsemi á Íslandi er tímabær og aðkallandi. Hún er undirstaða þess, að heimamarkaðsiðnaðurinn, sem er aðallega neytluvöruiðnaður, geti með útflutningi stuðlað að frekari iðnþróun.

Iðnhönnun er sérstakt aðgerðasvið fyrirtækja. Það verður að tengjast öðrum aðgerðasviðum, ekki aðeins framleiðslu og vöruþróun, heldur einnig markaðsathugunum og sölustarfsemi.

##### **1. Hönnunarstofnun.**

Til að efla iðnhönnun á Íslandi er nauðsynlegt að koma á fót stofnun, sem gegni því hlutverki að bæta hönnun iðnaðarframleiðslu. Skilyrði þess, að góðs árangurs sé að vænta af starfsemi slíkrar stofnunar, er, að samvinna takist milli allra þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði.

Helztu starfssvið hönnunarstofnunar eru eftirfarandi:

###### *1.1 Ráðgefandi starfsemi:*

- a) meta framleiðsluvörur og veita góðri vöru viðurkenningu,
- b) aðstoða fyrirtæki og einstaklinga og koma á sambandi milli fyrirtækja og hönnuða.

###### *1.2 Kynningarstarfsemi:*

- a) sýna vel hannaðar framleiðsluvörur,
- b) halda hönnunarskrá (design index),
- c) aðstoða framleiðendur við sýningar og kynningu á vel hannaðri vöru, sé þess óskað,
- d) gangast fyrir samkeppni um hönnuð iðnaðarverkefni.

###### *1.3 Fræðslustarfsemi:*

- a) standa að námskeiðum, fyrirlestrum og útbreiðslustarfsemi um iðnhönnun,
- b) hafa samvinnu við skóla og aðrar menntastofnanir svo og fagfélög um miðlun upplýsinga til þessara aðila,
- c) kynna iðnhönnun og gildi hennar í fjölmiðlum.

Reynsla og aðstæður munu þó að sjálfsögðu hafa áhrif á þá áherzlu, sem lögð verður á einstaka starfsþætti, er tímar líða.

##### **2. Fyrstu aðgerðir.**

Fyrsti vísir að hönnunarstofnun yrði að skipa hönnunarnefnd, t. d. 5 manna frá samtökum og ríkisvaldi, sem hefði á sínum vegum ráðunaut. Hlutverk þessara aðila yrði að veita fyrirtækjum og samtökum ýmsa aðstoð og fylgja eftir frekari aðgerðum ríkisvalds og samtaka til eflingar iðnhönnun.

Fyrstu aðgerðir þurfa að vera fjárveiting á fjárlögum 1970 til iðnhönnunarmála. Þarf upphæðin að hrökkva fyrir launum hönnunarráðunauts og starfsaðstöðu fyrir hann. Er sú upphæð áætluð 600 þús. kr.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir tillögum þessum.

## II. Hvað er iðnhönnun?

Með hönnun er átt við formköpun eða innri og ytri gerð hlutar og endanlegt útlit hans. Hugtakið getur náð til listiðnaðar, handiðnaðar og verksmiðjuíðnaðar. Með hugtakinu iðnhönnun er merkingin þrengd og látin ná til formköpunar, lita, efnisvals og útlits á afurðum verksmiðjuíðnaðar, bæði neytluvörum og fjárfestingarvörum svo og umbúðagerð.

Með iðnhönnun er leitast við að gefa framleiðsluvörinni það form, sem hentar notkunartilgangi hennar, samræmist edli hráefnis og framleiðslutækni. Iðnhönnun er þar með eitt af aðgerðasviðum iðnfyrirtækis, sem tengd eru saman í kerfi.

Fræðilega lítur kerfið þannig út, að framleiðslan grundvallast á markaðsathugunum, góðri hönnun, beztu tækniþekkingu og undirstöðum rannsókna og vörubröun. Síðan tekur við markaðsfærslan, sem fólgin er í umbúðum, auglýsingum, útstillingu, sölu og frekari þjónustu. Það er einnig mikilvægt, að sú þekking, sem ávinnst við markaðsrannsóknir og markaðsfærslu, komist fljótt og skilmerkilega í hendur hönnuða, framleiðenda og annarra kunnáttumanna og að samvinna sé sem bezt á milli þeirra. Skilningur á gildi iðnhönnunar þarf því einnig að vera hjá öðrum kunnáttumönnum, sem fást við framleiðslu og dreifingu vörunnar. Hönnuðir þurfa að búa yfir fagurfræðilegri þekkingu, mótunar- og tjáningargetu og þekkingu þá möguleika, sem hráefni og framleiðslutækni hafa að bjóða. Auk þess þurfa þeir að fylgjast með smekk þjóðfélagshópa og breytingum markaða.

Af þessari fræðilegu mynd sést, að iðnhönnun grípur inn á flest aðgerðasvið fyrirtækja. Sérstaklega ber að leggja áherzlu á, að hinar öru breytingar í framleiðslutækni og hráefnum skapa stöðugt ný hönnunar- og tæknivandamál, sem krefjast úrlausna.

## III. Þáttur iðnhönnunar í iðnþróun.

Óþarft er að rekja í smáatriðum nauðsyn á frekari iðnþróun. Þær kröfur eru gerðar til iðnaðarins, að hann taki aukinn þátt í gjaldeyrisöflun með því að flytja út afurðir sínar. Einnig er honum ætlað að leggja meira af mörkum til hagvaxtar með því að taka við vaxandi fjölda vinnufærra manna á næstu áratugum og greiða þeim hærri laun. Nýjar útflutningsgreinar, eins og stóriðja, fullnægja þessum kröfum. Fyrir heimsmarkaðsiðnaðinn verður getan til útflutnings mælikvarði á samkeppnishæfni svo og mikilvægi hans fyrir frekari iðnþróun. Við tilraunir til útflutnings mæta íslenskar vörur vörum frá iðnaðarlöndum með langa iðnhönnunarþróun að baki. Við samanburð, sem þannig fæst, kemur í ljós, að iðnhönnun er stór þáttur í markaðshæfni iðnaðarvarnings.

Verður ekki annað séð en að meðvitund og skipulögð iðnhönnunarstarfsemi sé sú meginuppspretta, sem geti gefið núverandi heimamarkaðsiðnaði varanlegan samkeppnismátt erlendis og á heimamarkaði. Ekki er unnt að keppa við magn og verð stóru iðnaðarþjóðanna. Til þess eru yfirburðir fjöldaframleiðslu of augljósir. Þá er gæðasviðið eitt eftir til að hasla sér völl á. Með góðri hönnun, úrvals hráefnum og vinnslugæðum má skapa vöru, sem er svo sérstæð, að hún standi aðeins í ófullkominni samkeppni við staðalvöru fjöldaframleiðslunnar.

Þá ber þess að geta, að smekkur fólks færast nær því að vera alþjóðlegur vegna áhrifa frá fjölmiðlunartækjum, svo að samkeppni, þar sem iðnhönnunargæði ráða úrslitum, byrjar á heimamarkaði.

Með vaxandi velmegun iðnaðarþjóða og þjóðfélagshópa er auknum kaupmætti varið til kaupa á gæðavörum. Er því unnt að finna vaxandi markaði fyrir vörutegundir, þar sem magn er ekki mikið, verð í hærri lagi, en hönnunargæði mikil.

Þessi vaxtar- og þróunartækifæri, sem hér hefur verið sýnt fram á, hafa flestar smærri iðnaðarþjóðir notfært sér, og er fordæmi þeirra vissulega eftirbreytnivert.

#### **IV. Þróun hönnunarmála erlendis.**

Margar þjóðir, jafnvel þær, sem lengi hafa framleitt eftirsóttar iðnaðarvörur, hafa að undanfögnu lagt á það höfuðáherzlu að sérhæfa fólk í iðnhönnun og öðrum þeim greinum, sem stuðlað geta að bættri framleiðslu og þar með aukinni samkeppnishæfni. Þá hafa opinberir aðilar í þessum löndum gefið gott fordæmi með því að leggja áherzlu á bættu hönnun í öllum framkvæmdum á þeirra vegum og myndað þannig grundvöll fyrir framleiðslu á vel hönnuðum vörum.

Ýmsar þjóðir hafa einnig lagt kapp á að hvetja framleiðendur og aðra, sem þátt eiga í framleiðslu og vörudreifingu, til að samræma starfsemi sína og færa sér í nyt kosti góðrar hönnunar. Hafa þessar þjóðir lagt megináherzlu á að stórbæta menntun og menntunaraðstöðu allra þeirra, sem fást við hönnun, framleiðslu og sölu iðnvarnings, og komið á nánara samstarfi milli menntakerfis og þarfa iðnaðar.

Einn liðurinn í slíkri starfsemi hefur verið að koma á fót stofnunum (design centres), sem hafa slíka hvetjandi starfsemi með höndum. Má í þessu sambandi nefna lönd eins og Bandaríkin, England, Rússland, Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Finnland, Þýskaland, Belgíu og Sviss. Ef íslenzkur iðnvarningur á að geta staðizt samkeppni við iðnvarning annarra þjóða, er æskilegt, að við beinum þróun hönnunarmála á Íslandi í svipaðan farveg og þær þjóðir hafa gert, sem við komum til með að eiga í samkeppni við. Á sama hátt og þær hafa stóraukið iðntækni- og hönnunarmenntun, þurfum við einnig að efla og halda við þekkingu allra þeirra, sem fást við framleiðslu og sölu iðnvarnings, til að koma í veg fyrir, að stöðnun eigi sér stað. Íslendingum er jafnframt nauðsyn að bera iðnaðarframleiðslu sína stöðugt saman við framleiðslu þessara þjóða.

#### **V. Íslenzkar aðstæður og möguleikar til útflutnings.**

Erfitt er að gera sér grein fyrir möguleikum á útflutningi íslenzkrar iðnaðarframleiðslu. Til þess þarf rannsókn og mat sérhæfðra manna, bæði á sviði markaðsrannsókna og iðnhönnunar, á staðháttum og ástandi hér heima og möguleikum erlendis. Framleiðslutækni í íslenskum iðnaði er á mörgum sviðum á háu stigi, en minna hefur verið skeytt um markaðsrannsóknir, hönnun vörunnar og umbúðir, auglýsingar og samhæfingu ofangreindra atriða. Með bættri hönnun má auka söluhæfni ýmissar framleiðslu, sem nú kemur frá íslenskum iðnfyrirtækjum. Margir framleiðendur hafa að sjálfsögðu komið auga á nauðsyn þessa og leitast við að gefa vörum sínum séreinkenni. Raunhæfs árangurs er þó ekki að vænta, nema samstarf sé haft við sérþjálfaða kunnáttumenn.

#### **VI. Tillögur nefndarinnar.**

##### **1. Menntunarmál.**

Til þess að bæta úr brýnustu þörf á hönnuðum fyrir iðnaðarframleiðslu eru nú þegar á Íslandi ýmsar stéttir hönnuða, en þó ekki sérhæfðra nema í tiltölulega fáum greinum, og hafa þeir ekki að neinu marki starfað sem hönnuðir fyrir iðnaðarframleiðslu (hér má nefna t. d. arkitekta, innanhúss- og húsgagnaarkitekta og hönnuði á sviði leirkera, auglýsinga og vefnaðar). Til greina kæmi að fá hingað sérhæfða erlenda hönnuði, en leggja yrði áherzlu á, að þeir störfuðu í samvinnu við íslenska hönnuði að lausn verkefna. Námsstyrki til náms og sérhæfingar í iðnhönnun þyrfti einnig að miða við núverandi og mögulegar þarfir iðnaðarins. Leggja þarf á það áherzlu, að hönnunarmenntun, hvort sem hún fer fram í landinu sjálfu eða erlendis, sé miðuð við ströngustu kröfur, sem gerðar verða til slíkrar menntunar. Styrkir til náms í iðnhönnun þurfa fyrst og fremst að vera veittir til náms við þá skóla, sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar á sviði iðnhönnunar.

Æskilegt er, að fræðsla um hönnun verði liður í hinu almenna menntakerfi vel hannaðrar vöru, en jákvætt viðhorf neytenda á heimamarkaði er grundvöllur fyrir framleiðslu og útflutningi vel hannaðrar vöru. Með tilliti til þessa er ástæða til að endurskoða handavinnu-

kennslu og teiknikennslu í skólum. Einnig er ástæða til að endurskoða kennslufyrirkomulag skóla, sem mennta iðnaðarmenn, tæknimenn og hönnuði, til að koma á nánari tengslum milli þarfa iðnaðar á hönnuðum og menntunar þeirra.

Leita mætti til hæfustu manna erlendis til aðstoðar við námstilhögun og skipulagningu námsskrár. Raunhæfum árangri verður samt ekki náð, nema áhugi almennings á þessum efnum sé jafnframt vakinn. Í þessu skyni gegna fjölmiðlunartæki, dagblöð, tímarit, hljóðvarp og sjónvarp, þýðingarmiklu hlutverki. Ráðstefnur ýmissa hagsmunahópa, t. d. hönnuða, framleiðenda, verzlunarmanna, iðnaðarmanna og kennara, stuðla einnig að meiri skilningi og áhuga á hlutverki hönnunar. Samhæfing þessa starfs er mikilvægi og yrði eitt af verkefnum hönnunarstofnunar.

## **2. Hönnunarstofnun.**

Til að varanlegur árangur náist um bætta hönnun iðnvarnings, ber að stefna að því að koma á fót stofnun, sem sameini og leiðbeini hlutaðeigandi aðilum. Slík stofnun myndi á ýmsan hátt stuðla að og hvetja til bættrar hönnunar og þar með vöruvöndunar íslensks iðnvarnings. Ekki er óeðlilegt að hugsa sér, að slík starfsemi yrði með svipuðum hætti og þekkist í þeim löndum, sem áður eru nefnd, og að hönnunarstofnun (design centre) yrði, er tímar liða, burðarás þessarar starfsemi. Markmið slíkrar stofnunar yrði að stuðla að góðri hönnun í öllum greinum iðnaðarframleiðslu með sýningum, jákvæðri gagnrýni og leiðbeiningarstarfi. Áherzla yrði lögð á að gera bæði framleiðendum og neytendum ljóst mikilvægi góðrar hönnunar og hvetja til aukins samstarfs þessara aðila.

### *2.1 Ráðgefandi starfsemi.*

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum í starfsemi slíkrar stofnunar.

#### *a) Mat á framleiðsluvörum.*

Þýðingarmikill liður í starfsemi hönnunarstofnunar er að meta framleiðsluvörur og veita viðurkenningu í þeim tilfellum, þar sem hönnun vörunnar hefur tekizt vel. Mat þetta færi fram í tilkvaddri dómnefnd, sem legði jafnframt grundvöll að þeim hönnunarkröfum, sem öll starfsemi hönnunarstofnunar byggist á.

#### *b) Aðstoð við fyrirtæki.*

Stofnun þessi myndi aðstoða við að koma á sambandi milli fyrirtækja, hönnuða og annarra tæknimanna. Stofnunin héldi skrá yfir hönnuði og aðra tæknimenn, sem gætu stuðlað að að lausn ýmissa vandamála iðnfyrirtækja. Á sama hátt myndi stofnunin leitast við að koma á framfæri athyglisverðum tillögum um iðnaðarframleiðslu, þar sem oft er vandkvæðum bundið fyrir hönnuði að þreifa fyrir sér um framleiðslu hugverka sinna.

### *2.2 Kynningarstarfsemi.*

#### *a) Sýningarsvæði (design centre).*

Stofnunin stendi að því að koma upp sýningarsal, þar sem stöðugt væru til sýnis þær íslenskar framleiðsluvörur, sem uppfylltu kröfur um góða hönnun og verið er að framleiða. Hér gæfist tækifæri til að skoða úrval íslenskrar iðnaðarframleiðslu á einum stað. Erlendir og innlendir kaupendur fengju hér gott yfirlit yfir gæði og útlit þeirra vörutegunda, sem framleiddar eru.

#### *b) Hönnunarskrá (design index).*

Í beinu sambandi við sýningarsvæðið væri hönnunarskrá, þar sem skráðar væru allar upplýsingar um framleiðsluvörur, sem hlotið hafa viðurkenningu, framleiðendur þeirra og annað, sem máli skiptir. Hér mætti einnig finna upplýsingar um vörur, sem vegna stærðar

eða annarra aðstæðna væru ekki á sýningarsvæðinu. Hönnunarstofnunin hefði milligöngu um að koma á sambandi milli hugsanlegra kaupenda og framleiðenda.

c) *Ýmis aðstoð við framleiðendur.*

Stofnunin aðstoðaði framleiðendur, kaupmenn og aðra aðila við að koma upp sýningu og annarri kynningu á vöru, sem hlotið hefur viðurkenningu, væri þess óskað.

d) *Samkeppni.*

Stofnunin hefði forgöngu um samkeppni á sviði iðnhönnunar og hvetti til nýsköpunar framleiðsluvöru. Mætti fyrst í stað hugsa sér árlega samkeppni, þar sem kveðið væri á um, að verðlaunum væri varið til náms eða rannsókna á sviði iðnhönnunar.

### 2.3 *Fræðslustarfsemi.*

a) *Námskeið.*

Það yrði mikilvægur þáttur í starfsemi hönnunarstofnunar að gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og annarri útbreiðslustarfsemi bæði fyrir hönnuði, framleiðendur og þá, sem annast vörudreifingu.

b) *Samband við menntastofnanir.*

Höfð yrði samvinna við skóla og aðrar menntastofnanir svo og fagfélög um miðlun upplýsinga til þessara aðila.

c) *Söfnun heimilda.*

Komið yrði upp safni heimilda, bóka, mynda og jafnvel úrvali muna, nýrra og gamalla, til að nota við fræðslu um iðnhönnun.

d) *Fjölmiðlar.*

Haldið yrði uppi fræðslu og kynningu um iðnhönnun í fjölmiðlum.

### 3. **Fyrstu aðgerðir.**

Ljóst er, að hönnunarstofnun með margþætta starfsemi á sér langan aðdraganda, sem vanda verður til. Hins vegar verður strax að fást við aðkallandi iðnhönnunarvandamál einstakra iðnaðargreina.

Nefndin gerir því eftirfarandi tillögur um fyrstu aðgerðir:

1. Skipuð verði iðnhönnunarnefnd til að sinna fyrst í stað hinum tvíþættu vandamálum, sem krefjast úrlausnar. Nefndin verði síðar stjórnarnefnd hönnunarstofnunar. Nefndin verði skipuð fulltrúum frá hagsmunasamtökum iðnaðarins, FÍI, LI og SÍS, iðnaðarráðuneytinu og Iðnaðarmálastofnun Íslands.
2. Nefndin ráði sér starfsmann á ráðunautagrundvelli.
3. Í fjárlögum 1970 verði varið 600 þús. kr. til að standa straum af kostnaði þessarar fyrstu starfsemi. Er þá átt við laun ráðunauts og nefndarinnar ásamt starfsaðstöðu. Einnig ber að nefna útgjöld vegna upplýsinga- og fræðslustarfsemi. Síðar yrðu gerðar tillögur um breiðari fjárhagsgrundvöll.

Nefndarmenn hafa reynt að gera sér nokkru nánari grein fyrir störfum hönnunarnefndarinnar fyrst í stað og vilja koma eftirfarandi hugmyndum á framfæri:

— Til frekari úttektar á núverandi ástandi hönnunarmála kemur til greina að fá hingað erlenda sérfræðinga, t. d. á vegum tækniástoðar OECD. Yrðu slíkir sérfræðingar einnig til ráðuneytis um aðgerðir. Í þessu sambandi má vitna til þeirrar aðferðar, sem Írar viðhöfðu við úttektar- og aðgerðakönnun á iðnhönnunarmálum, sbr. eftirfarandi greinargerð. '.

- Eftt verði til sýninga á erlendum vörum, sem einnig eru framleiddar hér, til að bæta hönnunarsmekk neytenda og framleiðenda.
- Nefndin tryggi með ábendingum og ráðleggingum, að opinberir aðilar gefi fordæmi um notkun góðrar hönnunar. Þurfa allar framkvæmdir og framleiðsla hins opinbera, s. s. opinberar byggingar, skrifstofur, rit, frímerki og mynt, að vera sem bezt hannaðar.
- Virkja þarf sem flesta aðila og samtök til almennrar kynningar á iðnhönnun.
- Stuðning þarf að veita iðnaðarfyrirtækjum með því að gefa þeim kost á ráðleggingum og annast fyrir þau milligöngu um útvegum á hönnuðum og skipa dómnefndir til gæðamats.